

Stuðningur við dönskukennslu á Íslandi

Út er komið ritið [Stuðningur við dönskukennslu á Íslandi](#).

Ritinu er ætlað að vekja athygli á gildandi [samningi](#) milli menntamálaráðuneyta Íslands og Danmerkur um stuðning við dönskukennslu á Íslandi.

Samkvæmt samningnum leggur menntamálaráðuneyti Íslands árlega fram 5,5 milljónir króna til verkefna, [sbr. 4. gr.](#) samningsins:



1. Endurmenntunarnámskeið fyrir dönskukennara í grunn- og framhaldsskólum.
2. Námssefnisgerð í dönsku fyrir grunn- og framhaldsskóla.
3. Rannsóknir og þróunarstarf á sviði náms og kennslu í dönsku sem erlendu tungumáli.
4. Vitundarvakning um mikilvægi dönskukunnáttu fyrir Íslendinga. Auglýst hefur verið eftir umsóknum um styrki til að vinna verkefni á fyrrgreindum sviðum.

Samstarfsnefnd sem skipuð er fulltrúum beggja landanna metur umsóknir og gerir tillögur um styrkveitingar.

Umsóknir skulu berast menntamálaráðuneyti í síðasta lagi föstudaginn 8. apríl nk. á sérstökum [eyðublöðum](#) sem þar fást og sem jafnframt má nálgast á vef ráðuneytisins. Nánari upplýsingar veitir María Gunnlaugsdóttir, deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneyti, maria.gunnlaugsdottir@mrn.stjr.is

Málþingi um fljótandi skil leik- og grunnskóla sjónvarpað beint á netinu

Menntamálaráðuneytið heldur málþing um fljótandi skil leik- og grunnskóla á morgun föstudaginn 1. apríl frá kl. 13.00-17.00 í Skriðu, [Kennaraháskóla Íslands](#), í samstarfi við ýmsa hagsmunaaðila. Um 300 manns eru skráðir og komast mun færri að en vilja, slíkur er áhuginn. Vakin er athygli á að þinginu er sjónvarpað beint á netinu á slóðinni [sjonvarp.khi.is](#) og eru áhugasamir hvattir til að fylgjast með útsendingunni. Efni frá þinginu verður einnig gert aðgengilegt á vef Kennaraháskóla Íslands. Nánar verður fjallað um þingið í næsta vefriti menntamálaráðuneytis.

2. Að leitast við að dreifa styrkjum svo jafnt milli landshluta sem unnt er.
3. Að tryggja, að fagfólk annist þær rannsóknir sem styrktar eru. Upplýsingar um styrkþega eru að finna á vef menntamálaráðuneytis, [menntamalaraduneyti.is](#)

Fyrri úthlutun úr Æskulýðssjóði árið 2005

Menntamálaráðherra hefur samþykkt styrkveitingar úr Æskulýðssjóði alls að upphæð kr. 3.970.000 til 27 verkefna. Alls bárust 58 umsóknir um styrki að upphæð 18.343.788 kr. Nánari upplýsingar um styrkþega eru á vef menntamálaráðuneytis, [menntamalaraduneyti.is](#)

skipt í þrjá flokka eftir aldri nemenda. Innsendar myndir birtast á vefnum um leið og þær hafa verið yfirfarnar af starfsfólki Menntagáttar.

Myndefnið getur t.d. verið landslag, fólk, byggingar eða veðrabrigði. Myndirnar geta einnig verið af ýmsum toga s.s. teikningar sem hafa verið skannaðar í tölvu, ljósmyndir, hreyfimyndir eða tölvuteikningar. Mestu skiptir þó að nemendur leyfi sköpunargleðinni að njóta sín og læri um leið að nýta sér tölvutækni. Hægt verður að senda inn myndir fram til 18. apríl en þá mun dómnefnd fara yfir þær myndir sem borist hafa. Síðasta vetrardag, 20. apríl verður tilkynnt hvaða myndir dómnefnd hefur valið og hljóta höfundar þeirra sérstakar viðurkenningar. Menntagátt er samstarfsverkefni [menntamálaráðuneytis](#) og [Hugar hf.](#)

Úthlutun úr Fornleifasjóði 2005

Stjórn Fornleifasjóðs hefur lokið úthlutun fyrir árið 2005. Auglýst var eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum [skv. 24. gr.](#) þjóðminjalaga [nr. 107/2001](#) og var umsóknarfrestur til 1. mars sl. Styrkir eru veittir til verkefna, sem stuðla að rannsóknnum og varðveislu á fornleifum og forngrípum. Á fjárlögum 2005 eru 5 milljónir króna til ráðstöfunar. Úthlutunarreglur sjóðsins [nr. 73/2004](#) eru birtar í Stjórnartíðindum og á vef menntamálaráðuneytis, [menntamalaraduneyti.is](#).

Þar að auki hefur stjórnin fylgt þremur meginreglum:

1. Að styrkja umsóknir að fullu eða ekki.



Vetrarmyndir á Menntagátt

[Menntagátt](#) opnaði í febrúar nýtt myndasafn á vefnum. Þar geta allir grunnskólanemendur sent inn myndir til birtingar. Eitt skilyrði er þó sett og það er að innsendar myndir sýni á einhvern hátt íslenskan vetur. Myndasafnið er einfalt í notkun, stafrænar myndir eru færðar inn á vefinn, hvort heldur er ljósmyndir eða teikningar. Myndasafninu hefur verið

Meginmarkmið Menntagáttar er að veita skólum greiðan aðgang að upplýsingum og þjónustu sem er aðgengileg á Netinu. Menntagátt nýtist kennurum, nemendum og foreldrum í leit að upplýsingum um námsefni og annað sem snertir menntamál. Menntagátt er ætlað að efla og styðja við notkun á upplýsingatækni í skólum. Vefslóðin er [menntagatt.is](#)

